

Alþingi

Til allra í menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. Þ 118 11421
komudagur 24/3 1995

Reykjavík 21. 02. 1995.

Landssamtökin þroskahjálp hafa kynnt sér breytingartillögur meiri hluta menntamálanefndar við frumvarp til grunnskóla og sannfærst um að þær athugasemdir sem samtökin gerðu í september 1994 eigi því miður allar við í dag. Skulu þær helst því endurteknar ef það gæti orðið til þess að háttvirtir nefndarmenn gætu stuðlað að því að þær næðu fram að ganga

1. Landssamtökin þroskahjálp eru því fylgjandi að ábyrgð og rekstur grunnskóla séu verkefni sveitarfélaga að því tilskildu að samvinnu minnstu sveitarfélaganna nái fram að ganga og tekjustofnar til fjármögnunar fylgi með verkefninu.

Samtökin hafa bent á þá leið að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verð heimilað að veita fjármagn til þess að meta umframkostnaði í einstökum sveitarfélögum sem hlýst af því að veita fötluðum námstilboð við hafi í heimaskóla.

2 Landssamtökin þroskahjálp telja að réttur fatlaðra barna til náms í heimaskóla sé ekki nægjanlega tryggður í frumvarpinu t.d er vandséð hvernig ráðuneyti menntamála geti úrskurðað þeim í hag um rétt til náms í heimaskólum án þess að hafa einhverja stoð í lögum til að vísa til.

3. Landssamtökin þroskahjálp hafna ekki rekstri fámennra sérdeilda séu þær hluti af skólahverfum. Fatlaður nemandi skal þá tilheyra almennum bekk þó aðstæður kalli á stuðning sérdeilda.

Samtökin hafna hins vega alfarið því að sveitarfélög fái heimild til að stofna sérskóla og vara sérstaklega við þeim hugmyndum um safnskóla sem fram eru settar í athugasemdum við 3B gr. frumvarpsins.

4. Landssamtökin þroskahjálp hafa margoft bent á að í frumvarpinu er hvergi minnst á sérkennslu og leitt af því líkum að fyrir nefndinni sem frumvarpið samdi hafi vakað að boða með þeim hætti "heildstæða skólastefnu". Þó samtökin séu sammála þeirri hugmyndafræði sem "heildstæð skólastefna" byggir á telja þau ekki að þeim tímamótum hafi verið náð í íslensku skólakerfi að hagt sé að tryggja öllum nám undir merkjum þeirrar stefnu


Þá er það skoðun samtakanna að sé tími sem fer í hönd þ.e. flutningur á rekstri grunnskólans til sveitarfélaga sé ekki heppilægur til að taka upp veigamiklar stefnubreytingar í menntunarmálum fatlaðra barna.

Foreldrar fatlaðra barna hafa haft þær væntingar að með nýjum grunnskólalögum yrði stigið mikilvægt skref til að hægt væri að tryggja markvissa uppbyggingu varðandi það að öll fötluð börn fengju kennslu við hefi í heimaskóla. Frumvarpið eins og það er í dag tryggir það ekki. Því skora Landssamtökin þroskahjálpar á Alþingi að endurskoða einstakar greinar þess til að tryggja með afgerandi hætti rétt fatlaðra barna til náms við hefi í heimaskóla.

Virðingarfyllt

F.h. Landssamtakanna þroskahjálpar

Ásta B Þorsteinsdóttir
formaður



Friðrik Sigurðsson
frankvæmdastjóri